

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frumvarp þetta til athugunar, en varð eigi sam- mála um afgreiðslu þess. Frv. er endurflutt frá síðasta Alþingi, en þá var það fellt. Undirritaður minni hl. n. er þeirrar skoðunar, að oftast horfi til bóta að selja bændum jarðeignir ríkisins, enda sé það þá gert með það markmið í huga að treysta búsetu á þeirri jörð, sem um er að ræða, eða á nágrannajörðum. Stundum er þó sýnt, að sala jarðar hefur ekki þessi æskilegu áhrif, heldur fremur hið gagnstæða. Svo virðist vera í því tilviki, er frv. þetta fjallar um.

Fyrir nefndinni lá umsögn landbúnaðarráðuneytisins, dags. 28. febr. s. l., þar sem sölu jarðarinnar er andmælt. Er umsögn ráðuneytisins prentuð hér með sem fylgiskjal. Enn fremur hafði nefndin til athugunar loftmynd af landssvæði því, sem jörðin Holt stendur á.

Jörðin Holt liggur á milli tveggja annarra ríkisjarða og á óskipt heitiland með annarri þeirra, Álftagróf, — og er ekki talið gerlegt að skilja það land sundur með girðingu. Ef jörðin Holt væri seld, ætti það að gerast í heim tilgangi að bæta bú- rekstraraðstöðu jarðanna, sem að liggja, þ. e. Fells og Álftagrófar, og þá þannig, að þær jarðir væru seldar samtímis. Verði jörðin seld samkv. þessu frv., er stefnt í öfuga átt. Land þeirra ríkisjarða, sem hér um ræðir, verður klofið sundur og búrekstraraðstaða þeirra í heild skerðist.

Með hliðsjón af því, er að framan greinir, leggur undirritaður minni hl. n. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1972.

Pálmi Jónsson, Gunnar Gíslason.  
frsm.

#### Fylgiskjal.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Reykjavík, 28. febrúar 1972.

Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja ríkisjörðina Holt í Dyrhólahreppi.

Vegna þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Ráðuneytið vísar til fyrri umsagna sína um mál þetta, en frumvarp til laga um sölu jarðarinnar hefur áður verið til meðferðar á Alþingi.

Ábúandinn á næstu ríkisjörð, Álftagróf, sem á óskipt land með Holti, hefur ítrekað ugg sinn um, að búskaparaðstöðu hans sé stefnt í voða, verði Holt selt.

Byggist sá uggur m. a. á, að ekki er unnt að skipta Holtlandi út úr torfunni og að upprekstrar- og heitarlönd eru sameiginleg.

Ofnotkun heitar frá Holti mundi t. d. bitna á ábúanda Álftagrófar, þar sem örskammt er milli Holts og Álftagrófar.

Meðan ríkissjóður hefur eignarhald á Holti, er hægt að fyrirbyggja, að vanda- mál skapist af þessum sökum.

Það er því skoðun ráðuneytisins, að með því að heimila syni Jóhönnu Sæmunds- dóttur með leigusamningi varanleg afnot Holts sé hægt að tryggja honum full- nægjandi not af jörðinni, eins og hann hefur haft, en fyrirbyggja um leið árekstra vegna náhyllis Holts og Álftagrófar. Með sölu gætu hins vegar skapast vandamál, sem rangt væri að stofna til.

Telja verður, að jarðareiganda beri skylda til að taka tillit til hagsmuna ábúand- ans í Álftagróf, sem þar hefur dvalið allan aldur sinn og rekið búskap í hartnær 40 ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, getur ráðuneytið ekki mælt með, að sala jarðarinnar verði heimiluð með lögum.

Sveinbj. Dagfinnsson.